

Úr nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar við frumvarp til fjárlaga, 3. umræða, dags. 27. desember 2021, sjá <https://www.althingi.is/altext/152/s/0261.html>

“Samningar um skilavegi.

Í nefndaráliti meiri hlutans við 2. umræðu (þingskjal 210) er að finna umfjöllun um svokallaða „skilavegi“, þ.e. vegi sem færðir voru úr flokki stofnvega í sveitarfélagavegi við gildistöku vegalaga, nr. 80/2007. Með þeirri breytingu var ábyrgð á veghaldi færð frá Vegagerðinni til sveitarfélaga. Árið 2015 var Vegagerðinni veitt heimild til ársloka 2019 til að semja við sveitarfélögin um yfirfærslu veganna. Sá frestur var síðan framlengdur til ársloka 2020 og síðast til ársloka 2021. Deilt hefur verið um hvert ástand vega eigi að vera við skil til sveitarfélaga. Hefur þetta tafið fyrir tilfærslu veganna til sveitarfélaga.

Nefndinni bárust umsagnir frá Reykjavíkurborg og Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem áréttað var mikilvægi þess að fullnægjandi fjármagn fylgdi við yfirfærslu veganna. Í greinargerð með því frumvarpi umhverfis- og samgöngunefndar sem framlengdi frestinn til ársloka 2021, sbr. lög nr. 139/2020, kemur fram að með þeirri framlengingu sé gert ráð fyrir að Vegagerðin muni áfram um sinn standa straum af kostnaði við veghald þessara skilavega en þó ekki lengur en til ársloka 2021. Meiri hlutinn áréttar að nýju mikilvægi þess að samningum ljúki um skil þessara vega en bendir jafnframt á að frá og með 1. janúar 2022 er það samkvæmt vegalögum, nr. 80/2007, á ábyrgð sveitarfélaga en ekki Vegagerðarinnar að annast veghald skilavega.”